

Alþingi
Erindi nr. P 138/296
komudagur 26.11.2009

Reykjavík, 26. nóvember 2009.

Frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 116. mál.

Umsögn Félags Íslenskra sjúkráþjálfara

Stjórn Félags Íslenskra sjúkráþjálfara (FÍSP) fagnar því að fá til umsagnar frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, lagt fram til umsagnar af Heilbrigðisnefnd Alþingis í nóvember 2009.

Félag íslenskra sjúkráþjálfara er fagfélag sjúkráþjálfara á Íslandi og nær til svo til allra sjúkráþjálfara landsins.

Við beinum þeirri ósk til hlutaðeigandi að félaginu verði boðin þátttaka í undirbúningsnefndum sem fjalla um málefni fagsins og stéttarinnar og getum þannig lagt okkar lóð á vogarskálarnar strax í upphafi. Forsvarsmenn félagsins hafa um nokkurra ára skeið boðist til þátttöku í slíkri vinnu í bréfum og á fundum með fyrrum ráðherrum og fulltrúum hans.

Samkvæmt frumvarpi þessu verða lög um sjúkráþjálfun nr. 58 frá 1976 felld úr gildi og ný reglugerð verður samin um stéttina. Félag íslenskra sjúkráþjálfara gerir þá sjálfsögðu kröfu að koma að gerð þeirrar reglugerðar strax í fyrstu skrefum þeirrar vinnu, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Tekið hefur verið tillit til fyrri umsagnar stjórnar FÍSP um einstakar greinar frumvarpsins. Stjórn FÍSP geri því ekki að svo stöddu athugasemdir við frumvarpið.

Stjórn Félags Íslenskra sjúkráþjálfara þakkar fyrir að fá tækifæri til umsagnar.

Virðingarfyllst,

Stjórn Félags Íslenskra sjúkráþjálfara

Héðinn Jónsson
Halldóra Eyjólfsdóttir
Arna Elísabet Karlsdóttir
Ása Dagný Gunnarsdóttir
Anna Sólveig Smáradóttir